
Skógarvörðurinn á Austurlandi

Starfsskýrsla 2019



Efnisyfirlit

Töfluskrá	bls. 3
Almennt	bls. 4
Veðurfar – veðurmælingar	bls. 4
Starfsfólk ársins	bls. 6
Skógur og skóggæðsla	bls. 7
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 7
Girðingar og smölun	bls. 8
Viðhald vega og slóða	bls. 8
Skógarhögg	bls. 8
Viðarvinnsla	bls. 10
Jólatré	bls. 13
Gróðursetning	bls. 14
Fasteignir	bls. 15
Viðhald	bls. 15
Nýbyggingar	bls. 16
Vélar og verkfæri	bls. 17
Bifreiðar	bls. 17
Dráttarvélar	bls. 17
Önnur tæki	bls. 17
Útivistarsvæði	bls. 18
Hallormsstaðaskógur	bls. 18
Skriðuklaustur	bls. 20
Tjaldsvæði	bls. 20
Trjásafn	bls. 21
Ýmislegt annað	bls. 21
Græn skref	bls. 22
Tilraunir	bls. 22
Sjálfbóðaliðar	bls. 22
Rjúpnaveiði	bls. 23
Jólamarkaðurinn	bls. 23
Námskeið / fundir / ráðstefnur	bls. 24

Töfluskrá

	Bls.
Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2019 _____	4
Tafla 2. Samantekt á hitafari maí-sept. _____	5
Tafla 3. Úrkoma 2019 _____	5
Tafla 4. Jarðvegshiti _____	6
Tafla 5. Grisjun birkiskógar 2019 _____	8
Tafla 6. Grisjun barrskóga 2019 _____	10
Tafla 7. Afhentur viður 2019 _____	12
Tafla 8. Afhending girðingarstaura 2019 _____	12
Tafla 9. Sala á jólatrjám 2019 _____	13
Tafla 10. Sala á jólagreinum 2019 _____	13
Tafla 11. Gróðursetning Höfða 2019 _____	15
Tafla 12. Gistinætur 2011-2019 _____	20
Tafla 13. Gróðursetning í Trjásafni _____	21
Tafla 14. Sala veiðileyfa 2019 _____	23


Starfsskýrsla Skógræktin á Austurlandi

Almennt

Veðurfar – veðurmælingar

Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2019

Lofthiti °C	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Meðalhiti mán.	-0,6	-0,4	0	5,4	4,7	8,3	11	9,0	8,2	3,5	-1,0	0
Hæsta hitastig	15,2	10,1	9,8	17,7	19,2	24,4	22,8	19,1	19,4	11,2	6,8	13,7
Lægsta hitastig	-16,2	-15,6	-12,2	-11,3	-3,7	-2,9	1,3	-0,8	-1,9	-6,2	-10,6	-12,2
Meðalhiti maí - sept.								8,2				
Meðalhiti júní - sept.							9,1					
Meðalhiti allt árið	4,0											



Samantekt á hitafari (1. maí til 30. september = 153 dagar) 2015 til 2019

Lofthiti °C

Tafla 2. Samantekt á hitafari maí - september.

	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi sólarhringa þar sem lágmarkshiti er jafn eða minni en 2°C	38	34	21	30	40
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 5°C	127	137	149	141	123
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 15°C	0	1	6	6	6
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 15°C	27	50	62	54	39
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 20°C	3	8	10	14	10
Hitasumma					
Fjöldi sólarhringa sem hitasumma (>5°C) sólarhrings er yfir 5°C	34	62	60	68	47
Hitasumma (>5°C)	485	679	735	694	558


Meðalhiti mánaða maí – september 2015 til 2019.

Úrkoma

Tafla 3. Úrkoma á Hallormsstað í mm.

	jan.	feb.	mars.	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtals:
2014	390,4	137,8	107,1	23,1	39,9	22,2	71,0	55,8	33,7	155,9	181,1	141,4	1.359,4
2015	117,5	86,2	204,8	37,4	31,9	15,7	23,8	96,6	65,3	65,6	54,1	198,9	997,8
2016	67,4	93,3	29,3	16,7	24,5	13	31,5	88,1	121,4	28,2	44,8	125,5	683,7
2017	42,7	296,64	36,8	45,1	51,6	54	35,5	28,8	152,7	90,9	79,4	25	939,1
2018	237,8	186,51	111,1	50,5	59,7	25	61,5	52	57,3	120,9	116,8	146,7	1225,4
2019	56	68,8	43,6	35,3	4,6	24,8	62,52	18,3	50,9	149,9	65,8	115	695,52

Úrkoma maí – sept. **161,12**
 Úrkoma júní – sept. **156,52**
 Ársúrkoma **695,52**



Jarðvegshiti

Tafla 4. Jarðvegshiti á Hallormsstað í °C 2019.

Jarðvegsmælar	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt	nóv	des.
Við jörðu	-1,1	-0,78	-1,0	4,28	5,4	8,79	10,94	8,74	7,04	2,1	0,92	-1,16
10 cm. dýpt	0,56	0,31	0,32	2,06	5,87	8,27	11,36	10,65	8,89	5,07	1,18	0,37
20 cm. dýpt	0,6	0,35	0,32	1,89	5,87	8,17	11,23	10,6	8,88	5,26	1,32	0,49
50 cm. dýpt	1,14	0,81	0,68	1,32	4,72	6,63	9,58	9,63	8,37	5,97	2,39	1,28
100 cm. dýpt	2,78	2,37	2,03	2,01	3,44	4,8	6,63	7,57	7,37	6,62	4,59	3,34

Starfsfólk ársins

Fastir starfsmenn:

Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Bjarki Sigurðsson, Jón Þ. Tryggvason, Snorri Jóhannsson, Sigfús J. Oddsson, Sigurður Kjerulf minnkaði starfshlutfall sitt í 80% í byrjun mars, Þór Þorfinnsson. Eiríkur Kjerulf er í um 40% starfi hjá deildinni.

Sumarstarfsfólk: Antonía Þ. Antonsdóttir, Glúmur Björnsson, Martina Kasparova og Aníta Ásgeirsdóttir.

Verknemar:

Í byrjun apríl komu tveir verknemar frá Írlandi, þeir Michael Edward Smith og Michael Thomas Browne, nemendur í skógfræði við háskólann í Dublin. Voru þeir fram í miðjan júní. Tveir verknemar við skógarskólann í Nødebo í Danmörku, þau Niels Thordal Christensen og Johanne Dalgård, voru hjá deildinni frá 20. júní fram í byrjun ágúst.



Fremst f.v. Sigurður, Johanne, Þór, Antonía, Bergrún, Michael. Aftari röð f. v. Niels, Martina, Bjarki, Glúmur, Sigfús, Aníta, Snorri, Michael og Jón

Skógur og skóggræðsla

Vöxtur og þrif trjágróðurs

Vöxtur

Ársvöxtur var yfir meðallagi í flestum algengustu barrtrjátegundum. Þó var vöxtur einna sístur í lerkinu, sérstaklega vakti athygli góður vöxtur í fjallapín.

Fræfall

Lögð var áhersla á landsvísu á að safna könglum á stafafuru – Skagway. Því miður var ekki mikið um fræ hér á svæðinu. Á jörðinni Höfða safnaði Styrmir Bragason á Stangarási fyrir Skógræktina, um 82 kg af könglum, og á eigin jörð, Stangarási, 158 kg. Lítið sem ekkert fræ var á Hallormsstað, safnað var 28 kg af stafafurukönglum, Bennet Lake kvæmið. Könglar voru sendir til Skógræktarinnar á Vöglum til þreskingar. Lítið sem ekkert fræ var á birki á Austurlandi.

Skaðvaldar á trjám

Áberandi voru brún lauf á birki af völdum tígulvefara og haustfeta í Hallormsstaðaskógi, mismikið eftir svæðum. Finna mátti mikið magn af maðk á ungu greni á ýmsum stöðum í skóginum. Víðiskjólbelti voru sum uppétin á tjaldstæðinu í Höfðavík. Í haust mátti víða sjá árssprotu á fjallapín uppétna, gerði val á jólatrjám erfiðara. Ekki var vart við ryð á birki á Héraði.



Tígulvefari á sitkabastarði

Girðingar og smölun

Viðhald girðinga

Farið með rafgirðingunni yfir Hallormsstaðaháls í byrjun júní og í áframhaldi skógargirðingunni frá Fljóti að rafgirðingunni. Girðingin á Halaklettum var fallin niður, bora þurfti í klöppina og skipta um jarnstaura á um 250 m kafla, þar af var endurgirt um 100 m.

Reynt var að lappa upp á girðinguna í Jórvík í byrjun júlí, girðingin er mjög illa farin, sérstaklega þvergirðingin efst. Endurgirtur var 200 m kafla, eftir er að endurgirða um 300 m kafla, hugsanlega meira.

Farið var með skógargirðingunni á Skriðuklaustri. Skipt var um nethlið við réttina á Skjögrastöðum

Smölun búfjár

Bændur á nágrannajörðum við Ormsstaði og Jórvík í Breiðdal sáu um lögbundna smölun heimalands fyrir Skógræktina. Ekki þurfti að smala Höfðalandið í ár. Lítils háttar smölun var innan Hallormsstaðagirðingarinnar, bændur sáu sjálfir að mestu um að sækja sitt fé.

Viðhald vega og slóða

Ekkert var unnið við viðhald vega og slóða í skógi þetta árið.


Skógarhögg

Birkiskógurinn á Hallormsstað

Í byrjun janúar var haldið áfram að klára skermfellingu yfir blágreni og sitkabastarð yst í Hólunum og keyra út efninu. Um miðjan apríl var skermur felldur yfir rauðgreni frá 1986 rétt ofan þjóðvegur. Skermfelld var yfir rauðgreni utan og neðan við Klifárbrú, að því loknu var birki grisjað ofan þjóðvegur utan við Klifárbrú ofan gamla vegar. Í lok apríl var klárað að fella allan skerm yfir blágreni frá 1992 neðan þjóðvegur milli Sellækjar og Ljósár. Birkiskermur yfir blágreni frá 1990 felldur á Borgargerði. Jafnhliða þessum verkefnum var birkið keyrt í starfstöðina með timburvagni. Oft þarf þó að draga eitthvað af birkinu með viðarspili til að traktor með timburvagn komist að efninu.

Tafla 5. Grisjun birkiskóga 2019

Svæði	Reitur	Stærð ha.	Ath.
Hólar	503-1	0.2	Skermur/blágreni
Hólar	508-2	0.3	Skermur/blágreni
Við Klifárbrú	918-12	0.5	Skermur/ rauðgreni
Ofan, utan við Klifárbrú		1.1	Grisjun, ofan við gamla veg
Milli Sellækjar og Ljósár	v/ reitarnúmer	0.7	Skermur/blágreni
Borgargerði	306-14B/14D	0.9	Skermur/blágreni
Lýsishóll v/þjóðveg	401-8A	0.2	Skermur/rauðgreni
Lýsishóll v/þjóðveg	401-8B	0.08	Skermur/blágreni
	Alls:	3.98	



Barrskógurinn á Hallormsstað og Höfða

Hallormsstaður:

Í byrjun janúar var sitkagrenið (Norðmannareiturinn, plantað 1979) á Ormsstöðum grisjað. Efnið verður notað nýtt í viðarskýli í starfstöðinni. Í lok janúar var haldið áfram grisjun frá árinu áður í hvítgreni, efst í Hólunum neðan undir Leirtjörn. Hætta þurfti fljótlega vegna fannfergis. Byrjað var að grisja hvítgreni ofan við Fálkaklett í 1.200 tré/ha.


Um miðjan febrúar gjörfelldi Einar Ö. Guðsteinsson verktaki með vél, allt lerkið í reit 702-3, alls 92 m³. Selt til Skógarafurða í Fljótsdal.

Höfði:

Á Höfða grisjaði Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri lerkið ofan af hálfri Dögglingviðartilrauninni frá 2002 í reit 94. Að auki eina blokk (af 10) í lerki-afkvæmatilrauninni ofan túna á Höfðakolli. Helmingur hvers afkvæmahóps var tekinn og betri tré skilin eftir. Í ársskýrslu 2018 gleymdist að geta þess að það ár snemmgrisjaði Þröstur stafafurulundinn í Hjáleiguhrauni ofan heimreiðar (reitur 130, Taraldsöy pl. 1995) í um 2.000 tré/ha.

Tafla 6. Grisjun barrskóga á Hallormsstað 2019.

Tegund	Svæði	Reitur	Ha.	Ath.
Hvítgreni	Lýsishóll	408-4	0.5	1.200/ha
Hvítgreni	Hólar	513-3/3A	0.9	1.200/ha
Síberíulerki	Milli Gatna	702-3	1.1	Gjörfelling/vél
Rauðgreni	Höfði	301-10	0.2	1.200/ha
Rauðgreni	Höfði	302-13	0.6	2.000/ha
Rauðgreni	Höfði	301-10	0.2	
Sitkagreni	Ormsst.	403-8A	0.3	
Síberíulerki	Milli Gatna	706-9	0.6	Gjörfelling
Síberíulerki	Milli Gatna	704-2	0.8	Gjörfelling
Síberíulerki	Hólar	411-2	0.04	Gjörfelling
		Alls:	5.24	



Viðarvinnsla

Heildarsala á eldivið af birki og lerki er örlítið meiri en árið á undan. Seldir voru 20m³ af lerkikurli til hestamanna í Færeyjum. Lerkikurlið fer að mestu til sveitarfélaga og sem undirburður undir hross. Það litla magn sem fór af söguðu og ósöguðu efni fór í ýmis smáverkefni. Sagað var lerki í fjárgrindur og lerkiborð söguð fyrir ferðaþjónustuna í Möðrudal á Fjöllum. Lerkibolviður seldur til verktaka fyrir útiaðstöðu á leikskólum.



Kurl til Færeyja




Tafla 7. Afhentur viður 2019

Vörutegund	Magn fm3	Magn í m, m ² , m ³ , lm ³ , stk.	Eining
Lerkiborðviður, kantaður	3,11	128,3	m ²
Lerkiborðviður, ókantað	2,1	84,5	m ²
Birkiborðviður	0,42	14,9	m ²
Birkibolviður, óbirt	0,009	0,24	m
Birkibolviður, birt	0,705	115,55	m
Lerkibolviður, óbirt	105,2		m
Asparborðviður, kantað/ókantað	0,3	10,3	m ²
Reyniviður, bolviður	0,019	2,3	m
Greniborðviður ókantað	1,38	55	m ²
Greniborðviður	0,5	1	m ²
Viðarkurl lerki – alm. sala	48,7	121,76	m ³
Viðarkurl greni – undirburður f. hross	21,3	53,1	m ³
Eldiviður birki (1 m ³ poki)	19	38	stk.
Eldiviður birki (40 lítra poki)	113,7	4372	stk.
Bök		5	bretti
Eldiviður, barrviður (24 lítra poki)	1,35	69	stk.
Eldiviður, barrviður (40 lítra poki)	0,26	10	stk.
Eldiviður, barrviður (1 m ³ poki)	6,5	13	stk.
Spænnir/afsag (40 lítra poki)		24	stk.

Tafla 8. Afhending girðingarstaura 2019

Vörutegund	Ein.	Magn
Vegstikur	stk.	120
Girðingarstaurar 50-70 mm	stk.	0
Girðingarstaurar 70-100 mm	stk.	0
Hornstaurar	Stk.	0
Alls:		

Mynd 2. Sala á eldiviði 2009 til 2019 Taflan er í fastrúmmetrum (fm³).

Jólatré

Sala jólatrjáa

Hæsta jólatréð í ár fór til Eskifjarðar á vegum Fjarðabyggðar. Fljótsdalshérað keypti einn fjallapin 4-5 metra og gaf vinabæ sínum Runavík í Færeyjum. Einnig fóru tveir fjallapinir til forsetaembættisins á Bessastöðum. Gróðrarstöðin Sólskógar á Akureyri var stærsti kaupandi af jólatrjám í ár, send voru 211 stafafurur, 105 rauðgreni, 35 fjallapinir og 41 blágreni. Jólakötturinn á Valgerðarstöðum var á sínum stað og var haldin 14. desember. Þar seldust 65 tré. Einnig var þó nokkur aukning á svonefndum veggjólatrjám sem afhent voru til fyrirtækja á Egilsstöðum, eru sett á veggj útanhúss hjá verslunar- og þjónustustofnunum á Egilsstöðum.

Stafafuran var að mestu leyti sótt á Hafursá innan við Freyshóla, fjallapinur í Flataskóg og rauðgrenið í ýmsum reitum í skóginum á Hallormsstað. Að auki var sótt rauðgreni og blágreni í girðinguna á Skriðuklaustri.

Tafla 9. Sala á jólatrjám 2019

Stærðarflokkar	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapinur	Annað	Alls
0.70-1.00 m	21	2	1			24
1.00-1.25 m	35	38	8	5		86
1.26-1.50 m	53	92	17	23	1	186
1.51-1.75 m	55	70	18	15	1	159
1.76-2.00 m	24	51	5	15	2	97
2.01-2.50 m	14	14		5	1	34
2.51-3.00 m	5	1		1		7
3-4 m	1			1		2
4-5 m	5			1		6
5-6 m	2					2
6-7 m	2					2
7-8 m	2					2
8-9 m	6					6
10-11	1					1
Óflokkað				2		2
½ útitré (veggtré)	139					139
Alls:	365	268	49	68	5	755

Tafla 10. Sala á jólagreinum 2019

Tegund	Kg.
Ýmsar tegundir	15



Gróðursetning

Gróðursetning á Hallormsstað

Tegund	Kvæmi	Aldur	Pl. gerð	R.nr.	Fjöldi	Ath.
Sitkabastarður	Seward	2/0	fp40	703-4	2.440	
Sitkabastarður	Seward	2/0	fp40	702-3	3.400	
Sitkabastarður	Seward	2/0	fp40	704-16-A-B	1.800	
Sitkagreni/úrval	Frægarður	2/0	fp40	405-5/405-6	180	Frægarður á Tumastöðum
				Alls:	7.820	

Höfði

Tafla 11. Gróðursetning á Höfða 2019

Tegund	Kvæmi	Aldur	Pl. gerð	R.nr.	Fjöldi	Ath.
Rauðgreni	Balestrand	1/3	hnaus	tún	10	Upp af fræi frá Ingvari Áberg
Sitkagreni	Binnulundur	1/5	hnaus	tún	18	Upphaflega litlar pl. settar á beð
Reyniviður	Dassel	1/2	pott.	tún	74	Fræ fræ á Karsten Schröder
Reyniviður	Dassel	1/2	pott.	146	30	Fræ frá Karsten Schröder
Reyniviður	Dassel	1/2	pott.	119	10	Fræ frá á Karsten Schröder
Rússalerki	Lassimaa	1/0	fp 60	177	67	Viðmið í Hrymstilraun
Lerki-Hrymur	Vagllir-fræhús	1/0	fp 40	177	266	Tilraun með mism. útgáfur af lerkibl. Hrym
Blæelri	Múlakot	1/3	pott	146	6	Gróðrarstöðin Þöll
Lensuviðir	Höfði ex Alaska	0/1	pott	133	26	Stórir græðlingar
Alaskaösp	Iðunn	0/1	pott	tún	16	Stórir græðlingar
Garðahlynur	Múlakot	?	pott	tún	2	Úr Völluhusi á Tumasstöðum
Rauðeik	Manitoba	1/1	pott	124	12	Trjáklúbbsplöntur, <i>Quercus rubra</i>
Fjaðureik	Manitoba	1/1	pott	124	5	Trjáklúbbsplöntur, <i>Quercus macrocarpa</i>
				Alls:	542	

Fasteignir

Viðhald

Jórvíkurbærinn og Lindarbakki

Gamli bærinn í Jórvík hefur verið í endurbyggingu í allnokkur ár með framlögum frá Minjastofnun. Endurbygging bæjarins hefur verið í höndum Björns Björgvinssonar á Breiðdalsvík.

Sumarið 2019 var endurgerður skorsteinn úr steinsteypu á Jórvíkurbæinn. Eldri skorsteinn var brotinn niður undir gólf efri hæðar. Sett var 12 cm ryðfrítt rör inn í reykopið til styrktar í leiðinni. Fyllt af steypu í kringum rörið og 4 stk. 12 mm kambstál í hverju horni í gamla reykopinu. Nýr skorsteinn hefur 10 cm útstæðan kraga að ofan sem er til að brjóta vind og vísa honum frá því að slái niður í hann. Þakið tengt inn í skorsteinninn í leiðinni. Við þetta stálrör verður reyrkör frá eldstæði. Undirbúið að vinna að einangrun og frágangi inni á efri hæð á árinu 2020.

Byrjað var á endurbyggingu á húsinu Lindarbakka sumarið 2018 með framlögum frá Minjastofnun. Framlag til Lindarbakka var að hluta til notað til að undirbúa hleðslu vorið 2020 en frestað að hluta svo vinna mætti meira

næsta vor. Þá er stefnt að því að taka burtu innri stafninn allan og hlaða hann upp aftur eins, bæði með torfi og grjóti. Það var ekki hægt að byrja þetta verk nema að geta örugglega lokað aftur húsinu. Í vetur fer fram undirbúningur að verktilhögun í samráði við Húsafriðunarnefnd.

Akurgerði

Endurnýjaðar voru tröppurnar upp að húsinu, smíðaðar úr lerki. Bergrún endurnýjaði dekk á útífalli úr ösp við húsið.

Starfstöð

Ákveðið var að starfstöðin á Hallormsstað skyldi verða dreifingarstöð fyrir skógarplöntur til skógarbænda fyrir landshlutann. Til undirbúnings var grafið upp úr hluta af geymsluplani neðan við gróðurhús og skipt um jarðveg, vatnsleiðsla lögð í jörð og vökvunarbómu komið fyrir á braut.



Nýbygging

Viðarskýli

Um miðjan febrúar var byrjað að smíða nýtt viðarskýli utan við stóra gróðurhúsið, grunnflötur um 100m². Skýlið er reist á raflínustaurum, burðarvirki og klæðning er sitkagreni frá 1979, reitur á Ormsstöðum. Þakið er klætt með bárujárni.

Vélar og tæki

Bifreiðar

ON-555 Mitsubitsi L-200:

Skipt um varnarhlíf undir vél.

Fór tvisvar á verkstæði, ljós í mælaborði.

KN-P65 Mitsubitsi L-200:

Skipt um einn festipúða á gírkassa.

UG-874: Seldur Herði Guðmundssyni á Ytri Víðivöllum í Fljótssdal.

Dráttarvélar

Valtra TZ-509:

Skipt um stýrisenda.

UD-11 Ferguson: Keypt ný framdekk.

JCB: Framrúða brotnaði, skipt um, Skipt um stýripinna fyrir lyftibúnað, skipt um tvö ný dekk að framan.

Deutz: Skipt um skrá í hurð og opnunarbúnað á afturglugga.

Önnur tæki

Viðarvagn og krani: Skipt um stöng á tjakk í stuðningsfæti.

Yddari og birkingarvél: Yfirfarinn.

Eldiviðarsög: Sífelldar bilanir, stöðugt viðhald.

Fjórhjól: Skipt um startara.

Útivistarsvæði

Hallormsstaðaskógur

Almennt

Skógræktin á Hallormsstað hefur verið þátttakandi í ferðaklasa á innanverðu Héraði þ.e. ferðaþjónustuaðilar innan við Grímsá. Um 14 ferðaþjónustuaðilar eru í samstarfinu. Helstu verkefni klasans eru sameiginleg heimasíða í ferðaþjónustu www.hengifoss.is, ýmiss konar markaðssetning á veraldarvefnum, sameiginlegur bæklingur o.fl. Á síðasta ári var samið við Skúla Andrésen ljósmyndara að taka ljósmyndir og hljóðmyndir hjá öllum í klasanum. Skúli hefur nú skilað af sér verkefninu.

Að venju var farið með fram þjóðvegnum frá Gilsá að Mjóanesi og hreinsað rusl.

Gönguleiðir í skógi

Öll skilti við þjóðveginn í gegnum Hallormsstaðaskóg voru endurnýjuð í vor, skipt var um skiltin og endurnýjaðir skiltastólpar. Skiltin eru sams konar og hjá dönsku þjóðskógunum.



Skógardagurinn mikli

Skógardagurinn var haldinn 22. júní í 15. skiptið í ágætis veðri. Áætlað er að um 1.700 manns hafi komið á hátíðina. Skógardagurinn er samstarfsverkefni Skógræktarinnar, Félags skógarbænda á Austurlandi, Félags suðfjorbænda á Héraði og fjörðum og Félags nautgripabænda.

Dagskráin var fjölbreytt, Íslandsmót í skógarhöggi, 14 km skógarhlaup og 4 km fjöldskylduhlaup, kór Áskirkju, nemendur Brúarásskóla í hljómsveitinni Norðan 4 til 5 fluttu tónlist, Steinunn og Öystein Gjerde fluttu tónlistaratriði, Orri P Finnbogason sýndi trjáklifur. Börn reyndu sig við ýmsar þrautir, máluðu á

tréskífur og fóru á hestbak. Nautgripabændur buðu upp á heilgrillað naut og sauðfjárbændur kynntu grillað lambakjöt. Ýmislegt annað var í boði fyrir magann m.a. pylsur, ketilkaffi og lummur.

Úrslit í Íslandsmeistaramóti skógarhöggi

1. Bjarki Sigurðsson
2. Snorri Páll Jóhannsson
3. Orri Freyr Finnbogason
4. Lárus Heiðarsson
5. Sebastian Morgunstjarna



f.v. Snorri P. Jóhannsson, Orri F. Finnbogason og Bjarki Sigurðsson

Úrslit í 14 km skógarhlaupi

Karlar

- | | |
|---------------------------|---------|
| 1. Skúli Skúlason | 1:14:10 |
| 2. Halldór S. Magnússon | 1:17:19 |
| 3. Ágúst Már Þórðarson | 1:17:57 |
| 4. Páll Baldursson | 1:19:35 |
| 5. Dagur Snær Heimisson | 1:20:18 |
| 6. Kári Valur Hjörvarsson | 1:20:22 |
| 7. Pálmi H. Sigurðsson | 1:20:47 |
| 8. Jón Arnórsson | 1:26:21 |
| 9. Halldór Halldórsson | 1:51:06 |

Konur

- | | |
|--------------------------------|---------|
| 1. Hanna Gyða Þráinsdóttir | 1:36:56 |
| 2. Ragnhildur Aðalsteinsdóttir | 1:40:26 |
| 3. Martina Kasparova | 1:43:38 |
| 4. Erla Tómasdóttir | 1:46:06 |
| 5. Ásta Kr. Árnadóttir | 1:47:54 |

Skriðuklaustur

Í samvinnu við Gunnarsstofnun og Vatnajökulsþjóðgarð var lagður um 1,5 km göngustígur í skógarreitnum ofan við Skriðuklaustur, reiturinn er í umsjón Skóg-ræktarinnar. Dönsku starfsmennirnir Niels og Johanne sáu að mestu um verklega hlutann, grisja leiðina í gegnum skóginn, smíða tröppur, litlar göngubrýr og merkingar. Smíðað var tréhlíð inn í skógargirðinguna.

Tjaldsvæði

Tjaldverðir sumarsins voru þær Antonía Þ. Antonsdóttir, Martina Kasparova og Aníta Ásgeirsdóttir. Allar hafa þær verið hjá deildinni áður í tjaldvörslu.

Eins og sést hér að neðan var gistináttafjöldi sumarsins aðeins undir meðaltali síðustu ára, ástæðan er vafalaust veðráttan.

Unnið var að ýmsum verkefnum. Endurnýjuð var grjóthleðsla vegna vatnsskemmda, yfir neðri hluta ræsis yfir á innstu flötina í Atlavík. Keyrt var þrifalagi í veginn neðst í Höfðavík, mölin sótt í Hamborg í Fljótsdal. Endurnýjaðar tröppur úr Atlavík, unnið af sjálfboðaliðum frá SEEDS-samtökunum. Endurnýjuð vatnslögn undir þjóðvegi ofan Atlavíkur.

Á undanförunum 5 árum hefur gistinóttum erlendra gesta fjölgað á tjaldsvæðinu, voru þeir um 32% gesta á árinu. Gerður var samningur við ferðaskrifstofuna Gear-dropper Europe B.V. um að gestir þeirra kæmu og gistu 2 nætur tjaldsvæðunum okkar í 7 daga ferð þeirra um Norðausturland.


Tafla 12. Fjöldi gistinátta 2013 – 2019

Mán.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Maí		108		258	392	442	313
Júní	1698	3006	1329	2008	1313	4430	2547
Júlí	12153	11.369	2677	4374	8788	13197	5270
Ágúst	1504	1573	1715	2090	2519	2624	2551
Sept.	283	495	379	553	829	753	650
Alls:	15.638	16.551	6.100	9.283	13.841	21.446	11.331

Fjöldi gistinátta 2019

	Ísl. gestir	Erl. gestir
Maí	67	246
Júní	1.937	610
Júlí	4.193	1.077
Ágúst	1.356	1.195
Sept.	147	503
Alls:	7.700	3.631

Mynd 4. Fjöldi gistinátta eftir mánuðum 2005 – 2019



Trjásafn

Töluvert brotnaði ofan af gömlum trjám í Trjásafninu. Einn af gömlu fjallapínunum í Neðstareit frá fyrstu árum skógræktar valt á hliðina með rót og öllu í bleytusnjó og hvassviðri. Þinurinn stóð við hliðina á svokölluðu klifurtré af fjallapín, sem brotnaði ofan af um 8 m árið áður. Dönsku verknefarnir grisjuðu og hreinsuðu til í safninu, sérstaklega niður með veginum í Neðstareit.

Tafla 13. Gróðursetning í Trjásafn 2019

Tegund	Latneskt heiti	Kvæmi	Fjöldi	Svæði/reitur/ath.
Gulur bambus	<i>Fargesia murielae</i> 'Dino'		1	Efsti Neðsti reitur/ pl. frá Nátthaga

ÝMISLEGT

Græn skref

Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri snýst um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Skógræktin byrjaði í verkefninu 2014 og fékk samþykkt fyrsta skref af alls fimm skrefum. Á þessu ári hefur verið unnið að því að ná öðru skrefi, klárast í byrjun næsta árs.

Tilraunir

Skordýr

Frá árinu 2019 hefur verið staðsett ein skordýragilda á Hallormsstað. Gildran er á vegum Náttúrustofu Austurlands og er staðsett skammt ofan við skemmuna á starfstöðinni. Auk Hallormsstaðar eru tvær gildur á Austurlandi, önnur í Neskaupstað og hin á Hákonarstöðum á Jökuldal.

Árið 2019 fangaði gildran á Hallormsstað alls 17.827 skordýr. Helstu tegundir voru tígulvefari (10.610), barrvefari (2.590) og birkivefari (2.142). Alls 28 tegundir.

Sjálfbóðaliðar

Sjö manna alþjóðlegur hópur á vegum sjálfbóðaliðasamtakanna SEEDS kom í byrjun september og var í tvær vikur. Fyrsta verkefnið var að taka niður skógargirðinguna frá rafgirðingu á Hallormsstaðabjargi niður að hliði á gamla Skriðdalsveginum, alls 1,8 km. Kurlborinn göngustígur frá blágreni frá 1905 niður í Neðstareit, kurlborinn gönguleiðin „Atlavíkurstekkur“ frá slóða við Þjóðveg upp að stafafuru stafafuru/Smithers og göngustígur ofan við Kliftjörn. Haldið var áfram með tröppusmiði frá fyrra ári á gönguleiðinni „Áleiðis upp að Rembu“ og bætt var við göngufjöllum yfir mýrarbleytu á þeirri leið.



SEEDS-hópurinn 2019

Rjúpnaveiði

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að gera breytingar á veiðitímabili rjúpnaveiða frá 2019-2021. Heimilt er að veiða frá og með 1. nóvember til og með 30. nóvember, frá og með föstudegi til og með þriðjudögum á því tímabili. Veiðidagar eru því 5 dagar í hverri viku tímabilsins, voru áður þrír dagar. Áfram er í gildi sölubann á rjúpu.

Tafla 14. Sala veiðileyfa 2017 - 2019

Svæði	Fjöldi veiðileyfa 2017	Seld leyfi 2017	Fjöldi veiðileyfa 2018	Seld leyfi 2018	Fjöldi Veiðileyfa 2019	Seld Leyfi 2019	Hlutfall seldra leyfa 2019
Gilsárdalur - Hallormsstaðaháls	72	44	90	44	132	35	27%
Jórvík í Breiðdal	24	24	30	19	44	20	45%
Ormsstaðir í Breiðdal	36	10	45	9	66	13	20 %
Alls:	132	78	132	72	242	68	

Jólamarkaðurinn

Skógræktin á Hallormsstað ásamt Félagi skógarbænda á Austurlandi skipulagði eins og áður jólamarkaðinn „Jólaköttinn“ sem haldinn var 14. desember á Valgerðarstöðum í húsnæði Jurtar. Um 62 seljendur með ýmiss konar vörur tóku þátt í markaðnum í ár. Alls voru ásamt Skógræktinni fimm sölubásar með jólatré að þessu sinni og gekk salan vel. Að þessu sinni var leigt tjald að norðan til að setja upp á milli bygginga. Var það til mikilla bóta. Fljótsdalshérað styrkti myndarlega tjaldleiguna. Talið er að um 3.000 gestir hafi sótt markaðinn.





Námskeið/fundir/ráðstefnur

- 23.-24.jan. Starfsmannafundur Skógræktarinnar.
- 15.- 17. okt. Tveir starfsmenn deildarinnar sækja námskeið í skógarhöggi í Heiðmörk.
- 3.– 4. apríl Fagráðstefna Skógræktar haldin á Hallormsstað.
- 22. ágúst Bjarki Sigurðsson sótti ráðstefnu í trjáklifri á Reykjum Ölfusi.
- 17–18. sept. Skógarvörður sótti NordGen-ráðstefnu í Hveragerði.
- 12. okt. Aðstoðarskógarvörður fjallaði um viðarþurrkun á málþingi Landsamtaka skógarbænda um viðargæði og afurðir, haldið á Akureyri.

Ársskýrsla 2019

Pór Þorfinnsson
Bergrún Arna Þorsteinsdóttir